

Söngdagskrá Ísaksskóla 2024-2025

14. - 18. október

Mánuðirnir

Í löngu máli

Smávinir fagrir

Hljóðnar nú haustblær

Burtu með fordóma

21.-23. október

Vetrarfrí fimmtudag og föstudag

Grikk eða gott

Í löngu máli

Smávinir fagrir

Hljóðnar nú haustblær

Mánuðirnir

29. október – 1. nóvember

Drippedí-dripp

Ég lífi í draumi

Grikk eða gott

Í löngu máli

Mánuðirnir

4. - 8. nóvember

Baráttudagur gegn einelti 8. nóv

Vögguvísa handa pabba

Bullutröll

Drippedí-dripp

Ég lífi í draumi

Grikk eða gott

Enga fordóma

Lag: Heiðar Örn Kristjánsson

Ljóð: Haraldur F. Gíslason og Heiðar Örn

Kristjánsson

Lífið er of stutt

Fyrir skammsýni

Úr vegi skal nú rutt

Allri þröngsýni

Hlustið undireins

Inn við bebebebebebe ...

beinið erum við eins

Og það bobobobobo-borgar

Sig að brosa

Burtu með fordóma

Og annan eins ósóma

Verum öll samtaka

Þið verðið að meðtaka

Þótt ég hafi talgalla

Þá á ekki að uppnefna

Þetta er engin algebra

Öll erum við eins

Hey! Hvort sem þú ert stór

eða smávaxin

Hvort sem þú ert mjór

eða feitlaginn

Hlustið undireins

Inn við bebebebebebe ...

beinið erum við eins

Og það bobobobobo-borgar

sig að brosa

Burtu með fordóma ...

Smávinir fagrir

Lag: Atli Heimir Sveinsson
Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley! vér mættum margt
muna hvurt öðru' að segja frá;
þrýði þér lengi landið það
sem lifandi guð hefir fundið stað
ástarsælan, því ástin hans
alls staðar fyllir þarfir manns.

Hljóðnar nú haustblær

Úkraínskt þjóðlag
Ljóð: Sigríður I. Þorgeirsdóttir

Hljóðnar nú haustblær húsið við rótt,
dvelur við dyrnar drungaleg nótt.
Fljúga þá fuglar flestir sinn veg,
kvakandi kvíðnir kvöldljóðin treg.

Svífur burt sumar sólar í lönd,
kveður létt kossi klettótta strönd.
Ljósu frá landi, leysir sitt band,
byltist þung bára, bláan við sand.

Mánuðirnir

Lag og ljóð: Helgi R. Einarsson

Eilíf hringrás, árin líða,
ótrúlegt er að vera til.
Fuglar, ormar, fljúga, skríða,
fátt í þessu ég skil.
*Janúar, febrúar,
mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst,
september, október,
nóvember og desember.*

Börnin eru' um veröld víða,
vaxa' úr grasi og heimta sitt.

Eins og gengur árin líða,
ég vil líka fá mitt.
Janúar, febrúar...

Í löngu máli

Lag og ljóð: Una Torfadóttir

Hvenær fórstu síðast í hláturskast?
Hvaða orð finnst þér falleg?
Er það hvernig þau hljóma eða hvað þau
þýða?
Og hvenær varstu síðast dónaleg?
Hvað er það við stað sem gerir hann kósí?
Hvað finnst þér erfitt en gefandi?

Hvað finnst þér um sumar á Íslandi?
Hvaða afrek hafa gert þig stolta?
Notaru blýant eða penna?
Ef þú gætir verið hvar sem er
Hvert í heiminum myndirðu vilja fara?
Myndirðu vilja vera hér?

*Viltu svara öllu í löngu máli?
Mig langar að heyra!
Síðan máttu svara aftur,
langar svo að þú talir meira.
Því þú segir svo vel frá,
gleymir aldrei neinu.
Ég segi góðar sögur
en ég hef þær ekki á hreinu,
en kannski ef ég segi þér þá manstu þær með
mér*

Hvað er það fallegasta sem þú hefur séð?
Hvað er mikilvægt í fari fólks?
Hvað finnst þér skemmtilegt að gera?
Ef þú gætir verið hvar sem er,
Hvert í heiminum myndirðu vilja fara?
Myndirðu vilja vera hjá mér?

Viltu svara öllu í löngu máli?
Mig langar að heyra!
Síðan máttu svara aftur,
langar svo að þú talir meira.
Því þú segir svo vel frá,
gleymir aldrei neinu.
Ég segi góðar sögur
en ég hef þær ekki á hreinu,
en kannski ef ég segi þér þá manstu þær með
mér

Manstu hvaða flík þú ferð í fyrst?
Hvernig væri best að taka á móti þér þegar þú
kemur heim?
Myndirðu vera alltaf hjá mér?

Viltu svara öllu í löngu máli?
Mig langar að heyra.....

Drippedí-dripp, droppedí-dropp

Lag og ljóð: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Drippedí-dripp, droppedí-dropp
drippedí, drippedí, droppedí-dropp.
Drippedí-dripp, droppedí-dropp
drippedí, drippedí, droppedí-dropp.

Rigning hér og rigning þar
já, rigningin er alls staðar
en sama er mér og
sama er þér
við sullum og bullum hér.

Ég lifi í draumi

Lag: Eyjólfur Kristjánsson
Ljóð: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Ég lifi í draumi,
dreg hvergi mörkin dags og nætur,
sveiflast aðeins ósjálfrátt.
Í hægum gangi,
á fullt í fangi með að finna það

sem oftast reynist öflug átt.

Það er líkt og ég sé laus úr öllum viðjum,
lentur hringsólandi á vegi miðjum.
Ég lifi í draumi,
dreg hvergi mörkin dags og nætur,
sveiflast aðeins ósjálfrátt.

Ég lifi í tómi,
tek engan þátt í trylltum dansi
fólksins allt í kringum mig.
Aleinn á randi,
veit að minn vandi er að vera þar
sem enginn getur áttað sig.

Það er líkt og ég sé lagstur út í bili,
leitandi að bát á réttum kili.
Ég lifi í tómi,
tek engan þátt í trylltum dansi
fólksins allt í kringum mig.

Vögguvísa handa pabba

Lag og ljóð: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Sofnaðu nú, pabbi minn,
og sofnaðu fljótt!
Senn er liðinn dagurinn
og komin rauðanótt.
Ef þú lokar augunum
ætla ég að lita
og kannski' að fá mér karamellu
eða kökubita.

Sefur bók í hillu
og bíll úti' í skúr,
blómin í glugganum
fá sér líka dúr,
kústurinn í skápnum
og kanelsnúðurinn.
Kúrðu nú og sofðu,
stóri pabbi minn!

Loksins get ég leikið mér

og ljósin öll kveikt,
ostinn skorið eins og brauð
og íspinna sleikt.
Út í garðinn einn ég fer
aðeins til að róla.
Með bangsa mínum best finnst mér
berfættur að hjóla.

*Sefur mús í holu
og mynd uppi á vegg,
mjólkín í ísskápnnum,
tómatar og egg.
Sólgleraugun dorma
og svarti hatturinn.
Sofðu bara lengi,
góði pabbi minn!*

*Sefur koggi í rúmi
og konur og menn.
Klukkan í stofunni
tífar samt enn.
Senn kemur morgunn
og síðan dagurinn.
Sofðu, ég skal vaka,
elsku pabbi minn!*

Bullutröll

Lag og ljóð: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Trúir þú á tröllabullið?
Taktu nú eftir, hlustaðu á!
Fyrir löngu fóru á stjá
ferleg skrímsli með hausa þrjá.

Þau er líka þursar kölluð,
þungbúin og leið að sjá,
herfilega heimsk, ó, já,
og hafa engu að segja frá.

*Bullutröll, bullutröll,
búa í stórri fjallahöll,
en fari þau um víðan völl
verða þau oft að steini.*

Skessurnar í skessuleikjum
skoppa létt um dal og fjörð,
hendast yfir hæstu skörð
svo hristist bæði sjór og jörð.

Stólpakarlar stika yfir
stærstu jökla, fara geyst.
Heljarbjörg þeir hafa reist
og haugbúa úr viðjum leyst

*Bullutröll, bullutröll,
búa í stórri fjallahöll,
en fari þau um víðan völl
verða þau oft að steini.*